

## Gjaldskrá Hlégarðs 2023

Eftirfarandi er gjaldskrá vegna afnota af húsnæði Hlégarðs sem er félagsheimili Mosfellinga.

Rými	Verð allt að 4 tímum	Verð 6 tímar	Verð heill dagur
Aðalsalur	100.000	173.000	260.000
Fremri salur	60.000	100.000	130.000

Innifalið í verði: Húsaleiga, þrif, einfalt hljóðkerfi, borð, stólar og leirtau. Húsið leigist án veitinga en með aðgengi að eldhúsi.

Leigutaki sér um uppsetningu og framkvæmd við viðburði og útveggar viðeigandi tæki og búnað umfram það sem nú þegar er til staðar í húsinu og er talið upp neðar í þessari gjaldskrá. Leigutaki ber fulla ábyrgð á tjóni á húsnæði, tæknibúnaði og innanstokksmunum sem gestir kunna að valda.

Leigutaki sem stendur fyrir viðburði þar sem tónflutningur fer fram verður að standa skil á STEF gjöldum.

Aðalsalurinn tekur um 160 manns í sæti og fremri salurinn tekur um 60 manns í sæti þegar borð eru notuð. Þegar setið er án borða fjölgar sætum um allt að 30%. Aðalsalurinn hentar vel fyrir stærri viðburði og gott svið er í salnum. Fremri salur er rúmgóður og hentar fyrir minni viðburði.

Sé eldhús notað skal leigutaki þvo upp, þrifa og ganga frá öllum eldhús- og borðbúnaði sem notaður var (eldavél, ofn, kæli, leirtau, hnífapör og helstu eldhúshöld), þ.e. skilar húsinu eins og hann tók við því. Ekki þarf skúra gólf né þrifa salerni. Uppröðun á borðum og stólum skal vera eins og þegar komið er að húsinu, nema um annað sé samið. Leigjendur fjarlægja sorp úr húsinu og hreinsa rusl utandyra.

Búnaður í húsi:

- Lítið hljóðkerfi fyrir sal og tónlist auk hljóðnema.
- Myndvarpi.
- Gott framreiðslueldhús, stór ofn, eldavél, hraðvirk uppþvottavél, stór kæli. Gott vinnupláss er í eldhúsi og allur tækjabúnaður til staðar.
- Fatahengið er hannað með stórarveislur í huga.
- Í húsinu er bar.
- Í húsinu er flygill

Samþykkt í bæjarráði Mosfellsbæ 19.04.2023